

56

19. júní

L Ö G

um viðauka við og breyting á lögum nr. 68 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórninni heimilast að gefa eftir skuld þá, sem stofnað hefir verið til vegna áveitu á Flóann, að öðru en því, er í lögum þessum segir, og með þeim skilmálum, er þar greinir.

2. gr.

Hver jarðeigandi á áveitusvæðinu, sem njóta vill ívilnunar laga þessara, skal greiða áveituskatt, er nemi 1 krónu á hektara áveitulands hans í 30 ár. Áveituskattur þessi skal tryggður með lögveði í jörðinni og hafa forgangsrétt fyrir öllum samningsbundnum veðskuldum, enda skal kvöðin innfærð í veðmálabækur sýslunnar.

3. gr.

Í stað þess að greiða áveituskatt samkv. 2. gr. skal landeiganda heimilt að láta land af hendi upp í áveitukostnað í eitt skipti fyrir öll. Heimild þessi er þó því skilyrði bundin, að nægilega mikið land fáist samfelldt frá einni eða fleiri jörðum til stofnunar nýbýlis, að dómi þeirra, er falin er framkvæmd laganna samkv. 11. gr.

4. gr.

Nú er land tekið samkv. ósk landeiganda upp í greiðslu á áveitukostnaði, sbr. 3. gr., og skal það þá þannig gert, að af hverjum 8 hekturum áveitulands fær rikissjóður 2 hektara, en 3 hektara, ef beutiland er tekið í staðinn. Heimilt er þó atvinnumálaráðherra að víkja frá þessu hlutfalli, ef sérstök ástæða þykir til með tilliti til gæða landsins og legu.

5. gr.

Hafi landeigandi gert mannvirki á hinu tekna landi, svo sem flóðgarða o. s. frv., skal meta þau til verðs á móti landi og taka þeim mun minna land, er mannvirkjunum nemur. Mat mannvirkjanna skal fara fram samkv. ákvæðum jarðræktarlaganna um mat á mannvirkjum til landskuldargreiðslu.

6. gr.

56

19. júní

Þar, sem svo stendur á, að landi jarðar eða torfu hefir verið skipt milli fleiri ábúenda eða eigenda, en óhentugt þykir að taka land upp í áveitukostnað í réttum hlutföllum við skiptin, skal heimilt að taka land án tillits til skiptanna. En fari svo, að einn landeigandi eða notandi verði harðara úti en annar við landtökuna, skulu ný landskipti þegar fara fram samkvæmt landskiptalögum.

7. gr.

Jafnóðum og lokið er útmælingu þeirra landa, er tekin kunna að verða upp í áveitukostnað, skulu sett upp greinileg landamerki milli þeirra og aðliggjandi jarða, eftir því sem atvinnumálaráðherra nánar mælir fyrir um. Gera skal uppdrátt af þeim löndum, er ríkissjóður fær.

8. gr.

Nú er land látið upp í áveitukostnað af jörð, sem er í leiguábúð, og breytir það í engu umsömdum leigumála jarðarinnar.

9. gr.

Þangað til öðruvísi verður ákveðið með lögum, skal landsstjórnin, að svo miklu leyti sem unnt er, leigja út lönd þau, er ríkissjóður fær samkvæmt ákvæðum laga þessara. Ábúendur þeirra jarða, sem löndin eru tekin frá, skulu hafa forleigurétt fyrir það verð, er ríkisstjórnin ákveður.

10. gr.

Útmæling landa samkvæmt ákvæðum laga þessara skal fram fara, að svo miklu leyti sem unnt er, sumarið 1933. En verði verkinu eigi lokið á þeim tíma, skal það framkvæmt á sumarmánuðunum 1934.

11. gr.

Búnaðarfélagi Íslands skal falið að annast framkvæmd laga þessara undir yfirstjórn atvinnumálaráðherra, samkv. reglugerð, er hann setur, og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Þorsteinn Briem.